

**Ed.**

**555. Frumvarp til laga**

[302. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1887, um veð, sbr. lög nr. 87/1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, til tryggingar lánnum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framan- greind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

5. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Nú hefur eigandi veðsetts afla, eldisfisks eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur, og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinum veðsettu afurðum tók, um endurgjald af hans hálfu fyrir afla, eldisfisk eða afurðir sem af hendi voru látin. Sá, sem við aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum tók, bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari hafi hann greitt hana veðsala áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. ágúst s.l. skipaði forsætisráðherra nefnd átta manna til þess að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fiskeldismál. Í áfangaskýrslu, sem nefndin hefur skilað, eru m. a. gerðar tillögur um tilhögun rekstrar- og afurðalána til fiskeldisfyrirtækja, sem nefndin leggur til að verði með tvennum hætti:

a. Framkvæmdalán og eiginfjárkröfur miðist við að fjármagna þurfi rekstrarútgjöld fyrirtækjanna þar til þau geti selt afurðir sínar.

- b. Bankastofnanir veiti þeim fyrirtækjum, sem ekki eru eða verða fjármögnuð samkvæmt a-lið, rekstrarlán sem sé ákveðið hlutfall af verðmæti fiskstofnsins á hverjum tíma. Verðmætið miðist við ákveðinn stuðul, sem breytist með vexti fisksins eða samkvæmt úttekt og viðmiðun tryggingafélags viðkomandi stöðvar.

Nefndin hefur átt viðræður við forsvarsmenn ýmissa lánastofnana um fyrirkomulag rekstrarlána fiskeldisfyrirtækja. Í þeim viðræðum hefur komið fram að ein helsta fyrirstaða þess, að unnt sé að veita afurðalán til fiskeldisfyrirtækja, er skortur á veðum. Það felst í eðli fiskeldisstarfsemi, að í mörgum tilvikum er mun meira verðmæti í þeim fiski, sem verið er að ala, heldur en í fastafjármunum fiskeldisstöðvarinnar sjálftrar. Enda þótt þetta hlutfall sé mjög mismunandi eru þess dæmi, að fiskur, sem alinn er í eldiskerum í sjó, nái allt að tífoldu verðmæti kvíanna sjálfra. Tryggingafélög bjóða nú tryggingar á lifandi fiski í eldisstöðvum. Af þeirri ástæðu m. a. hafa menn talið að grundvöllur sé fyrir því, að bankastofnanir veiti lán til rekstrar fiskeldisfyrirtækja gegn veði í þeim seiðum eða eldisfiski sem í stöðinni er hverju sinni. Um heimildir til slíkra veðsetninga eru hins vegar ekki ótvíræð ákvæði í veðlögum nr. 18/1887.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna er mönnum óheimilt „að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru einu almennu nafni“. Frá þessari meginreglu hafa þó verið gerðar undantekningar í lögum. Með lögum nr. 34/1927, um breytingu á veðlögum, er gerð sú undantekning að útgerðarmanni er heimilað „að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörsluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánnum, er hann tekur til útgerðarinnar“. Með lögum nr. 28/1953 var bændum heimilað að veðsetja tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánnum. Áður höfðu verið í lögum svipuð ákvæði um lántökur bænda, lögum nr. 31/1929, um Búnaðarbanka Íslands, 51. gr., lögum nr. 31/1930, um sveitabanka, 14. gr., lögum nr. 17/1934, um breytingu á lögum nr. 78/1933, um Kreppulánasjóð, 2. gr., og lögum nr. 38/1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, 21. gr. Með lögum nr. 87/1960 var undantekningarákvæði veðlaga rýmkað verulega vegna breyttra atvinnuhátta. Helstu breytingar voru þær, að ákvæðið tók jafnframt til framleiðenda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra, sem vörur þessar hafa til sölumeðferðar. Þá tekur ákvæðið til veðsetningar á verðmætum, sem eru ekki orðin til, svo sem veðsetningar óveidds afla.

Fiskeldisstarfsemi, hvort heldur um er að ræða seiðaeldi eða framhaldseldi, fellur án efa undir það skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 57/1966, að um sé að ræða framleiðanda sjávarafurða eða landbúnaðarafurða, hvort sem fiskeldi telst til sjávarútvegs eða landbúnaðar.

Hins vegar er álitamál hvort seiði eða eldisfiskur geti talist afli eða afurð fyrr en eftir slátrun. Eldisfiskur sýnist þó ekki vera ótryggara andlag veðsetningar en þær afurðir sem núverandi heimildir ná til. Þykir því eðlilegt að rýmka þessar heimildir þannig að þær nái til eldisfisks, og er jafnframt tekið fyrir vafaatriði um túlkun laganna. Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að veðsetja eldisfisk til lengri tíma en eins árs í senn þar sem fiskurinn er alinn lengur en eitt ár í kerum eða kvímum.